

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Vaðlabbyggðar, íbúðarsvæðis í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 9. október 2007 breytingu á deiliskipulagi Vaðlabbyggðar, íbúðarsvæðis í landi Veigastaða.

Breyting deiliskipulagsins felst í stækkun íbúðarsvæðisins til austurs og norðvesturs um u.þ.b. 3 ha. Breytingin gerir ráð fyrir 7 nýjum einbýlishúsalóðum. Austast á svæðinu er bætt við fjórum lóðum með tengingu við Vaðlaheiðarveg. Þá er bætt við einni lóð norðan Vaðlafells og tveimur norðan Skálafells með vegtengingu við heimreið að Skálafelli. Jafnframt eru gerðar breytingar á lóðamörkum og byggingarreit lóðarinnar Skálafells. Heildarstærð íbúðarsvæðisins eftir breytingar er um 10 ha. Íbúðarhúsalóðum fjölga um 7 úr 12 í 19.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Svalbarðseyri, 22. nóvember 2007.*

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,

**Árni K. Bjarnason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2007